

Ed.

531. Tillaga til þingsályktunar

um aukna vöruvöndun á ísfiski og frystum fiski, sem sendur er til útlanda.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér nú þegar fyrir því, að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til, að sem allra nákvæmastri vöruvöndun verði beitt við framleiðslu, geymslu og flutning á nýjum og frystum fiski, sem sendur er á útlendan markað.

Greinargerð.

Á síðustu vikum og mánuðum hefur komið fyrir hvað eftir annað, að verulegra skemmda hefur gætt í íslenskum fiski, sem sendur var á erlendan markað. Hefur komið fyrir, að heilbrigðiseftirlitið hefur tekið frá og látið fleygja hálfum og heilum skipsförmum. Erlendis hafa byrjað mjög alvarlegar umræður um þessi mál. Sumt í þessum blaðaummælum er með ískyggilegum blæ og okkur ekki borin vel sagan um vöruvöndun, að því er snertir mestu framleiðsiuvöru landsmanna. Erlend þingnefnd hefur heimsótt einn af helztu fisksölustöðum okkar, og hefur gagnrýni vaxið við komu nefndarinnar og aðgerðir. Íslendingar, sem staðið hafa

að þessum söllum erlendis, hafa fengið að heyra spádóma um, að ef ekki yrði úr bætt af okkar hálfu, mundi heilum skipsförmum verða fleygt, ef um verulegar skemmdir yrði að ræða. Hér er ekki ástæða til að rekja nákvæmlega ummæli erlendra blaða um þetta mál. Væntanlega eru þau kunn öllum, sem mestar framkvæmdir hafa í þessu efni. Það skal að visu fúslega játað, að ýmislegt getur verið ýkt í ummælum erlendra blaða, og verður það þá væntanlega leiðrétt eftir því, sem kostur er á. En jafnvel þó að hér kunni að vera um ýkjur að ræða, þá er hættan lítlu minni fyrir það. Ef þjóð, sem kaupir matvörur frá öðru landi, heyrir stöðugt mikið látið af ágöllum þessarar vöru, þá verður varan lítið eftirsótt á markaðinum, þegar um einhverja samkeppni er að ræða.

En jafnvel þó að gert sé ráð fyrir ýkjum og missögnum um vöruvöndun okkar hin síðustu missiri, að því er snertir nýjan og frystan fisk, þá er svo mikið víst, að þjóðin þarf að grípa til skjótra úrbóta, ef ekki á verr að fara.

Íslendingar hafa á síðustu missirum byggt hraðfrystihús við flestar útvegshafnir og varið til þess miklu fé. Hraðfrystur fiskur hefur selzt vel í því eina landi, sem hefur opinn markað fyrir íslenzkan fisk. Eftir að friður kemst á, vona menn, að slíkur fiskur verði góð söluvara í mörgum löndum. En bregðist það, standa hin dýru frystihús tóm og styðja ekki atvinnulífið. Mun þá aukinn vandi að gera allan fisk, er hér kann að veiðast, auðselda markaðsvöru, ef hraðfrysti fiskurinn fellur úr lestinni. Sama er að segja um ísvarinn fisk. Hann hefur verið mikil tekjugrein um langa stund. Þrengist sá markaður, er það lítt bæt看legt tjón.

Það er mikill vandi að fara með ný matvæli, og kröfur nútímamanna eru harðar í þessu efni. Hirðusemi og vandvirkni verða að vera á háu stigi frá fyrsta til síðasta handtaks. Ef fiskurinn er ekki góð vara og vel með farin, þegar hann kemur í frystihúsið, þá segir skemmdin til sín við matborðið hjá fólki í öðru landi, sem hefur keypt vöruna dýrum dómum. Í sumum þeim skipum, sem flytja ísfiskinn út, bæði á vegum Íslendinga og erlendra manna, hafa verið tekin úr lestunum skilrúm og hillur til að koma meira fiskmagni í skipin. Af sömu ástæðu er ísinn stundum sparaður um of. Aukin þrengsli í skipunum, of lítill is og afgreiðslutafir á yfirfylltum, mannfáum höfnum leiða til skemmda í flutningnum. En við öllu þessu verður að sjá, og það gera margir skipaeigendur og skipstjórar, sem aldrei verða fyrir neinum sýnilegum skemmdum.

Það má kalla, að efnaleg framtíð landsmanna nú og þó einkum eftir stríðið velti á því, að þjóðin geti greiðlega selt með viðunandi verði nýjan fisk, ísaðan eða frystan, í þéttbýlum nágrannalöndum. Við höfum að vissu leyti góða aðstöðu til að kynna íslenzkan fisk í einu stórlandi og mundum vilja færa út kvíar eftir stríðið. En því aðeins getum við haft framtíðargagn af tækifærum liðandi stundar, að við beitum hinni mestu nákvæmni og samvirkusemi við alla meðferð vörunnar. En hin hörðu klögumál, sem nú er haldið á lofti erlendis um vöruvöndun okkar, eru alvarlegt hættumerki á þýðingarmikilli stund.

Íslenzkir fiskframleiðendur hafa í þessu efni eitt glæsilegt fordæmi. Dönskum bændum tókst að skapa sér í Englandi afbragðs markað fyrir svínakjöt, egg og smjör. Í heilan mannsaldur, fram að yfirstandandi stríði, voru þessar dönsku framleiðsluvörur falar í hverri góðri matvörubúð í Englandi. Um þær var ekki deilt. Danskt smjör, flesk og egg var góð vara, hvar sem hún var boðin til sölu í Englandi. Verðið fór eftir örygginu um vörugæðin.

Íslendingum er ekki önnur leið opin til að tryggja sér markað erlendis fyrir nýjan fisk heldur en að feta í þessu efni nákvæmlega í fótspor danskra bænda. Hér verður að beita vöruvöndun og hirðusemi við hvert handtak í framleiðslunni. Bregðist það, ýta keppinautar, sem kunna betur til vöruvöndunar, íslenzkri framleiðslu út af markaðnum.

Það er ekki ætlun mín að segja ríkisstjórninni, útvegsmönnum, skipstjórum, sjómönnum og starfsfólki við hraðfrystihúsin fyrir verkum. Ég læt mér nægja að

benda á hættu, sem virðist mega vera öllum sæmilega auðsæ nema þeim, sem mest eiga undir, að úr sé bætt og það sem fyrst.

Mér þykir sennilegt, að ýmsir menn telji það óþarfa að benda á þessa hættu. Í þeirra augum mun gilda mest að koma sem mestu fiskifangi áleiðis til útlanda, þó að heimanbúnaður vörunnar sé ekki sem bestur. Þeir menn vilja loka augnum fyrir gagnrýni þeirra erlendu manna, sem ráða markaðnum í sínu landi og geta opnað og lokað dyrum eftir því, sem þeim þykir við eiga. Skammsýnir menn eru til í hverju landi, en þeir eiga sem sjaldnast að vera forsjón heillar þjóðar. Hér á landi má vænta þess, að skynsamlegar umræður og athuganir hefjist um vöruvöndunarmálin yfirleitt, en allra mest um þær hliðar, sem snerta sölu á nýjum fiski úr landi. Ríkisstjórnin verður í því efni, svo sem endranær, að hafa forgönguna þar, sem vandinn er mestur.